

Framboð til kirkjuþings

Björn Kristinn Jóhannsson

3. kjördæmi Kjalarnesprófastsdæmi

Ég heiti Björn Kristinn Jóhannsson, 25 ára búsettur í Reykjanesbæ. Ég er með sveinspróf í framreiðslu og iðnstúdentspróf frá Menntaskólanum í Kópavogi. Ég starfa hjá Icelandair í farþegaþjónustu á Keflavíkurflugvelli.

Ég er ritari í stjórn Kristilegu Skólahreyfingunnar (KSH) hef eining verið gjaldkeri í stjórn Kristlega Stúdentafélagsins (KSF). Hef sömuleiðis verið leiðtogi í starfi KFUM & KFUK í yngri deild og unglunga deild í Keflavík og Grindavík.

Kirkjan hefur verið mér ávalt trúföst, sem barn í NTT starfinu í Garðinum, síðar í unglिंगastarfi KFUM & KFUK í Keflavík þegar fjölskylda mín flutti þangað. Æskulýðsstörf kirkjunnar og KFUM & KFUK hafa mótað mig í þá manneskju sem ég er í dag sem ég er óendanlega þakklátur fyrir.

Kirkjan hefur alltaf verið með mér í gengum erfiða tíma sem góða. Allt frá fræðslu til að styrkja mig sem leiðtoga, sterkt félagslíf og það frábæra fólk í lífi mínu sem lofum og syngjum Jesú Krist til dýrðar en líka í geng um andlát föður míns, móðurömmu mína og uppáhalds frænda, trúin hefur alltaf verið mér til staðar, kirkjan sem veiti mér og mínu nánasta stuðning og gerir en.

Kirkjan hefur gefið mér ást, auðmýkt, þolinmæði og hefur hjálpað mér að elska sjálfan mig. Þetta er það sem ég vill gefa til baka samkvæmt heilagri ritningu og játningarritum evangelísk-lútherskrar kirkju. Jesús Kristur mætti öllum af kærleika og stóð sérstaklega með þeim sem voru jaðarsettir í samfélaginu, bæði í orðum sínum og verkum.

Guð er mitt leiðarljós í öllu sem ég geri, Jesús Kristur er mín fyrirmynd og hans lexíur eru mér alltaf til halds og trausts.

